

## Vatnsleit á Kiðjabergi í Grímsnesi

**Kristján Sæmundsson**

**Greinargerð KS-90-03**

## VATNSLEIT Á KIÐJABERGI Í GRÍMSNESI

Ekki hefur tekist að finna vatn fyrir vatnsveitu í landi Kiðjabergs fyrir orlofshúsa-byggð þá sem þar er fyrirhuguð. Leitin hefur fram að þessu einkum beinst að lausum jarðmyndunum. Þær eru mestmegnis leir, sem fyllir sundin milli holtanna, en mól, sandur og móhella er víða ofaná. Óverulegar lindasytrur sem víða sjást virðast tengdar yfirborðslögum af því tæi.

Berggrunnurinn í Kiðjabergslandi er eingöngu úr hraunlögum og móbergi með millilögum af setrænum uppruna (jökulberg, völuþing o.þ.h.). Jarðlagahalli er nálægt 15° til NV. Ummyndun í þessum lögum er væg. Móbergið er að sjá gropið en holufyllingar úr ópal, zeólítum og kalsíti koma fyrir. Vatnsleiðni er efalítið treg í berggrunninum, nema þar sem ungar sprungur koma fyrir. Lektarprófanir voru gerðar í borholum sem Raforkumálaskrifstofan lét bora fyrir um 30 árum milli Vatnsbotns og Hvítár, hinar dýpstu um 30 m. Sumar af holunum reyndust nokkuð lekar, t.d. var hola 5 upp af Hlaupandaósnum lek neðan við 27 m, og í holu 12 upp af Vatnsbotni kom fram leki frá 16 m niður í 24 m dýpi. Leki í þessum holum var þó ekki nema 1-2 l/s við eins bars þrýsting. Nokkrar misgengissprungur liggja yfir Kiðjabergsland. Sig er austan megin við sprungurnar og þeim hallar 60-70° til SA. Óvíst er hversu háttar um vatnsleiðni í þeim.

Borhola var staðsett austur frá Kiðjabergi á klöppum í 10-15 m hæð ofan við Hvítá. Með holunni er ætlunin að kanna vatnsmöguleika í berginu og jafnframt í misgengissprungum ef fyrir hendi eru austan undir Kiðjabergsásunum. Undirritaður er ekki bjartsýnn á árangur af borun á þessum stað, en hann er hentugur fyrir vatnstöku jafnvel þótt lítið vatn fái.

Ef svo fer að árangur verði ófullnægjandi af boruninni norðaustur frá bænum leggur undirritaður til að lokatilraun (?) verði gerð suður í hálsendanum.

Ungar jarðskjálftasprungur sjást í Þjórsárhrauninu suður af Kiðjabergsásnum. Þess er að vænta að þær gangi áfram norður í ásin, en hafa ekki fundist þar. Meginstefna sprungureinarinnar er sýnd á 1. md. Væri reyndandi að bora í NNA framhaldi hennar syðst í ásnum. Reikna mætti með a.m.k. 200 m holu. Vatn ef fengist yrði líklega á bilinu 10-20°C. Þar sem orlofshúsabyggðin í Kiðjabergslandi kemur til með að liggja langt suður eftir og meðfram Kiðjabergsásnum er engan veginn óhagstætt að taka vatn syðst í honum með tilliti til lagna.

Borhola í Hestslandi sem nýlokið er við er fróðleg í þessu sambandi. Þar er allvatnsmikil laug, 23° heit, niðri við Hvítá. Laugin er sennilega tengd jarðskjálftasprungu sem sést óglöggt og sker suðurendann á lágum kambum sem liggur upp frá ánni ofan við lauginna. Holan var boruð vestan í kambinum rúmum 20 m ofar í landinu. Hún er um 250 m NNA frá lauginni, í líklegri stefnu jarðskjálftasprungna á þessu svæði. Allmikið vatn (15-20 l/s) kom í holuna í 160 m, augljóslega úr sprungu. Vatnið mældist rúmlega 25° heitt og vatnsborð í holunni er nálega 5 m ofan við vatnsborð Hvítár. Áður en aðalæðin opnaðist voru komnir um 4 l/s í holuna af 10° heitu vatni.

Kristján Sæmundsson

